



Ytra mat grunnskóla Waldorfskólinn Lækjarbotnum

Ytra mat þetta er unnin á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið og Kópavogsbæ.

Höfundar: Birna Sigurjónsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-48-0

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Aðferðir og framkvæmd	7
Waldorfskólinn Lækjarbotnum	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	8
Stefna skólans	8
Starfsmenn	9
Nemendur	9
Árangur náms	9
Starfstími.	10
Sérfræðiþjónusta	10
Niðurstöður	11
Svið I - Stjórnun.	11
Fagleg forysta	11
Stefnumótun og skipulag	13
Samskipti heimila og skóla	15
Svið II - Nám og kennsla	16
Nám og námsaðstæður	16
Þátttaka og ábyrgð nemenda	19
Námsaðlögun	20
Svið III – Innra mat	21
Framkvæmd innra mats.	21
Umbótastarf í kjölfar innra mats	22
Svið IV – Skólabragur	23
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	25
Stjórnun	25
Nám og kennsla	26
Innra mat.	27
Skólabragur	27
Heimildir.	35

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Waldorfskólanum Lækjarbotnum sem fór fram á haustönn 2014. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir, en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi¹ og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þátturinn skólabragur.

Í stórum dráttum má segja að í Waldorfskólanum Lækjarbotnum fari fram farsælt skólastarf með fastmótaðri hugmyndafræði um uppeldi og þroska. Flöt stjórnun með samábyrgð allra starfsmanna, tengsl við náttúru og umhverfi skólans til náms setja mikinn svip á skólastarfið. Einkennandi er áhersla á fjölbreytt handverk og nýtingu náttúrunnar. Allir aðilar skólasamfélagsins telja að þar ríki traust og gagnkvæm virðing.

Stjórnun

Við Waldorfskólann er beitt flatrí stjórnun og áhersla lögð á að jafnræði ríki milli starfsmanna. Starfsmannaráð, sem allir fastráðnir starfsmenn sitja í, deilir innbyrðis ábyrgðarsviðum skólastjóra og taka sameiginlegar ákvarðanir. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum. Stefna skólans er skýrt fram sett og birt í skólanámskrá og í starfsáætlun skólans sem liggja fyrir í bæklingum en ekki á heimasíðu skólans. Í stefnu skólans kemur fram að sérstaklega sé hlúð að mannlegum samskiptum í skólanum með virðingu fyrir einstaklingnum.

Skólanámskrá er gerð að norskri fyrirmynd og greinanámskrár eru í mótun. Þær þarf að aðlaga að aðalnámskrá grunnskóla þannig að samræmi sé á milli hæfniviðmiða sem þar eru sett fram og viðmiða í námskrá skólans.

Skólastjóri er menntaður sem grunnskólakennari en aðrir starfsmenn hafa flestir bakgrunn í Waldorf-kennslufræðum og/eða uppeldismenntun eða reynslu af uppeldis- og umönnunarstörfum. Kennarar fá litla endurgjöf á kennslu sína.

Skóladagur nemenda er heildstæður og samfelldur fyrir alla aldurshópa. Vikluegur kennslutími nemenda í unglingadeild er undir viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla og valtímar nemenda sömuleiðis.

Mikil áhersla er lögð á samstarf heimila og skóla og foreldrar eru virkir samstarfsaðilar í skólasamfélaginu, þeir taka beinan þátt í viðburðum en einnig þrífum og umsýslu húsnæðis. Skólaráð er virkt og skipað skv. reglugerð þáð fundar 6-7 sinnum yfir skólaárið.

Nám og kennsla

Skólinn starfar eftir fastmótaðri hugmyndafræði sem allir starfsmenn skólans þekkja, fylgja og hafa á margan hátt aðlagað að sínum aðstæðum. Margvísleg skrifleg gögn eru til um skólastarfið og hugmyndafræðina sem mótar það. Skólanámskrá þarf að birta opinberlega og hún á að vera endurskoðuð 2015 með tilliti til nýrrar aðalnámskrár. Námsvísar og upplýsingar um nám eru skýrt fram sett en vinna þarf að því að námskrá og námsvísar taki betur mið af íslenski aðalnámskrá og gera þarf grein fyrir hvernig unnið er með grunnþætti menntunar.

Lögð er áhersla á að gefa nemendum alhliða svörun á nám sitt og fjölbreytta hæfileika. Gera þarf markmið náms sýnilegri og auka þátttöku nemenda við að setja sér markmið í námi og efla þarf sjálfsmat nemenda.

Nám fer að hluta fram í samþættum og heildstæðum verkefnum. Mikil rækt er lögð við list- og verkgreinakennslu. Umhverfi skólans er fjölbreytt og markvisst notað í námi og kennslu og útivera nemenda er nýtt til samveru og samstarfs. Nám nemenda er fastmótað, þeir kunna til verka og flestir vinna vel í tímum. Auka þarf val nemenda í námi og huga að stigvaxandi ábyrgð þeirra og sjálfstæði við nám sitt einnig þurfa nemendur að fá tækifæri til að nýta fjölbreyttar leiðir við að afla sér þekkingar með upplýsingatækni í námi sínu.

Virðing og jákvæðni einkennir samskipti í skólanum. Nemendur taka virkan þátt í skólastarfi, sýna ábyrga hegðun og taka tillit til annarra. Þeir eru öruggir í skólaumhverfinu og geta tjáð sig um málefni er snerta þá. Nemendur eiga lýðræðislega kjörna fulltrúa þar sem við á. Sjá þarf til þess að nemendur

¹ Waldorfskólinn Lækjarbotnum heyrir undir sveitarfélagið Kópavogsbæ.

taki þátt í og fái upplýsingar um kannanir og innra mat. Gera þyrfti áætlun um skimannir og reglubundnar kannanir og skrá hvernig bregðast eigi við niðurstöðum.

Alvarlegar athugasemdir eru við lélega þátttöku nemenda skólans á samræmdum könnunarprófum. Skólanum ber að sjá til þess að nemendur taki prófin.

Innra mat

Áætlun um innra mat hefur verið gerð, bæði fyrir skólaárið og til þriggja ára. Metnir eru ákveðnar þættir skólastarfsins en matið er ekki á beinan hátt tengt skilgreindum markmiðum skólans. Gæðamatsnefnd ber ábyrgð á framkvæmd innra mats og það byggir að miklu leyti á umræðum og ígrundun starfsmanna á eigin starfi auk þess sem matsspurningar eru lagðar fyrir þá aðila sem við á.

Ekki verður séð að leitað hafi verið eftir álit foreldra eða nemenda í innra mati eða lagðar fyrir viðhorfakannanir. Ekki kemur heldur fram að skólinn nýti niðurstöður samræmdra prófa, kannana eða skimana í mati á starfinu. Foreldrar eða nemendur koma ekki að skipulagi og framkvæmd mats, s.s. í skólaráði.

Greinargerð um innra mat og áætlun um umbætur er birt í kafla í skólanámskrá. Leggja þarf áherslu á að kynna foreldrum og nemendum niðurstöður innra mats og ákveða umbætur í samráði við þá.

Skólabragur

Lögð er áhersla á að öllum líði vel í skólanum. Hugmyndafræði skólastarfsins byggir á að efla alhliða þroska nemenda og allra sem við skólann starfa. Skólabragur einkennist af samvinnu og samábyrgð. Virðing og traust einkenna allt samstarf og samskipti. Vinna þyrfti að því að nemendur taki virkari þátt í skipulagi náms og námsaðstæðum. Hugað er að námi og líðan hvers nemanda og allir starfsmenn láta sig alla varða. Gera ætti reglubundnar kannanir á líðan og viðhorfum nemenda. Unnið er gegn einelti og séð er til þess að starfsmaður sé ávallt til staðar þar sem nemendur eru hvort heldur það er í skólastarfi, við útveru eða í skólabíl.

Setja þarf fram skráða verkferla við brotum á skólareglum og huga að reglulegri endurskoðun skóla-reglna með þátttöku allra í skólasamfélaginu.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Waldorfskólanum Lækjarbotnum. Matið var framkvæmt af Birnu Sigurjónsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur og fór fram á vettvangi í október 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum voru metnir fjórir þættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli er skólabragur. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020 (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrá grunnskóla 2011 og greinasviðum 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4. Þar sem fjallað er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.² Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin átta ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneytið lét gera árin 2002 og 2009 en engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár.

Kynningarfundur var haldinn í skólanum 16. september 2014 fyrir allt starfsfólk, foreldra og fulltrúa sveitarfélags og þá var einnig farið með skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir í lok september hjá öllum kennurum og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, stjórnendum,

² Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niður stöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

nemendum, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembi-úrtaki, nema stjórnendur. Vegna fjórða matsþáttarins, skólabrags, var sérstökum spurningum vegna hans beint til allra rýnihópanna.

Skólaheimsóknin stóð yfir í þrjú daga, auk kynningafundar og skoðunar. Heimsóttar voru 22 kennslustundir hjá 10 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, ensku, dönsku, samfélagsfræði, náttúrufræði, textíl, smíði og tónlist. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir sterkir þættir og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu allir kennarar sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Waldorfskólinn Lækjarbotnum

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Waldorfskólinn Lækjarbotnum er sjálfstætt starfandi grunnskóli staðsettur í umdæmi Kópavogsbæjar sem ber ábyrgð á framkvæmd skólastarfs gagnvart mennta- og menningarmálaráðuneyti. Byggir skólasókn nemenda á vali foreldra. Skólinn tók til starfa 1991 og voru nemendur þá fjórir í fyrsta og öðrum bekk. Ári áður hafði Waldorfleikskólinn Ylur verið stofnaður á sama stað. Skólinn er í Seldal undir Selfjalli, landi sem Kópavogsbær leggur honum til, um 10 km austur frá Rauðavatni eftir Suðurlandsvegi. Skólinn er starfræktur í nokkrum húsum sem hafa hvert sitt nafn og sitt hlutverk í starfinu. Mikil áhersla er á handverk og er eldsmiðja, smíðakofi og leirkerasmiðja meðal húsanna sem standa á lóð skólans.

Náttúran og umhverfið er notað í leik og skólastarfi. Haldnar eru hænur og grænmeti er ræktað bæði í útireitum sem hver bekkjardeild sér um og í gróðurhúsi.

Börnin koma í skólann með rútu sem ekur frá Efstaleiti í Reykjavík kl. 8:00 og eru mætt um 8:30. Heimferð er frá Lækjarbotnum kl. 14:30. Hver skóladagur hefst á samsöng áður en farið er í kennslustofur. Kennsla er til kl. 10:30 en þá er morgunhressing og síðan er útivera.³

Stefna skólans

Skólastarf byggir á stefnu um hlutverk og tilgang grunnskóla sem á uppruna sinn í skóla sem stofnaður var af austurríska heimspekingnum Rudolf Steiner árið 1919 fyrir börn verkamanna í Waldorf sígarettuverksmiðju í Þýskalandi. Skólar sem aðhyllast uppeldisfræði Steiners eru víða um lönd og oft nefndast gjarnan Waldorfskólar eftir fyrsta skólanum.

Markmið skólans eins og það er skráð í skólanámskrá er að:

Styrkja hvern einstakling til þess að vera eða komast í góð tengsl við sjálfan sig til þess að verða heilsteypt og sjálfstæð manneskja sem er í stakk búin að taka ábyrgð á eigin lífi sem fullorðinn einstaklingur.

Til þess að ná þessu markmiði er lögð áhersla á að hlúa jafnt að öllum hliðum mannlegs þroska, vitsmuna-, tilfinninga- og líkamlegs/vilja-þroska⁴.

Í starfsáætlun kemur fram að mikil áhersla er lögð á jákvæð viðhorf, sjálfstæð vinnubrögð, skapandi vinnu, félagsþroska og samskipti nemenda, óháð aldri.

³ Úr Öryggishandbók, ýmsum greinum frá skóla, starfsáætlun og skólanámskrá.

⁴ Skólanámskrá.

Starfsmenn

Að kennslu koma ellefu starfsmenn. Skráður skólustjóri er eini kennarinn sem er með kennsluréttindi en átta leiðbeinendur sinna kennslu og hafa fengið undanþágu hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til þess. Fimm hafa Waldorfkennaramenntun. Kennarar hafa flestir sótt námskeið eða aðra fræðslu til erlendra Rudolf Steiner samtaka. Að kennslu koma að auki tveir einstaklingar sem ekki hafa fengið undanþágu, einn sem sinnir mest hrynlustarkennslu og sértímum og einn sem sinnir tónlistarkennslu í forföllum að sögn skólustjóra. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum var kannað hjá ráðuneyti hvort þyrfti að sækja um vegna þessarar kennslu og fengið þau svör að ekki þyrfti að sækja um undanþágu vegna hrynlustarkennslu og tónlistarkennarinn er í forfallakennslu.

Tveir starfsmenn sinna stuðningsfulltrúastörfum inni í bekkjum, sérstaklega hjá 1.-2. bekk og 3.-4. bekk.

Skólabílstjóri, starfsmaður á skrifstofu og starfsmenn í eldhúsi starfa einnig við skólann.

Af 19 starfsmönnum skólans eru fjórir karlmenn, tveir starfa við kennslu, einn er stuðningsfulltrúi og skólabílstjóri.

Starfsmenn sinna forföllum eftir sérstakri stundaskrá þannig að nemendum er aldrei gefið frí vegna forfalla kennara. Starfsmannavelta er ekki mikil.

Nemendur

Í skólanum eru 75 nemendur á haustönn 2014. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum og námshópum í samkenndu:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nem.	9	10	5	11	5	8	8	10	6	3
Námshópur	19		16		13		18		9	

Nemendur sem fá skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, eru tveir. Ekki er sérdeild við skólann. Enginn nemandi fær kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Árangur náms

Við ytra mat á grunnskólum er litið til frammistöðu nemenda á samræmdum könnunarprófum sem öllum grunnskólanemendum er skylt að gangast undir í íslensku og stærðfræði í 4., 7. og 10. bekk og að auki í ensku í 10. bekk. Samræmd könnunarpróf meta sömu kunnáttu og færni með sama hætti við sambærilegar aðstæður.

Í reglugerð um samræmd próf kemur fram að tilgangur þeirra er að:

- athuga eftir því sem kostur er, að hvaða marki námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð,
- vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur,
- veita nemendum, foreldrum og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda,
- veita upplýsingar um hvernig skólar standa í þeim námsgreinum sem prófað er úr, miðað við aðra skóla landsins⁵.

Í greinargerð þessari um ytra mat á Waldorfskóla er litið til meðalframmistöðu nemenda sl. átta ár á samræmdum könnunarprófum.

Misjafnt er eftir árum hvort skólinn skilar inn prófúrlausnum nemanda. Engar upplýsingar eru um frammistöðu nemenda sum árin og sum ár kemur fram að mjög fáir eða engir nemendur skólans hafi gengist undir prófin.

⁵ Reglugerð um samræmd próf <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/435-2009>

Fjöldi nemenda í árgangi leyfir ekki birtingu niðurstaðna eftir einstaka árum og þar sem vantar alveg upplýsingar sum árin er ekki heldur hægt að birta uppsafnaðar niðurstöður nokkurra ára.

Af gögnum frá árinu 2007 og fram til 2014 má ráða að yfirleitt taka nemendur 4. bekkjar ekki samræmd könnunarpróf. Upplýsingar frá árunum 2010 og 2011 vantar. Af 39 skráðum nemendum í 4. bekk þessi ár sem upplýsingar eru um hafa sex tekið prófin í íslensku en fimm í stærðfræði.

Í 7. bekk eru upplýsingar um þátttöku í sex af þessum átta árum sem skoðuð eru. Alls er skilað úrlausnum fyrir 20 af 33 skráðum nemendum skólans í íslensku og 21 af 33 nemendum í stærðfræði.

Í 10. bekk hefur verið skilað úrlausnum eða upplýsingum í fimm af þessum átta árum sem litið er til. Þar kemur fram að skilað hefur verið úrlausnum fyrir 17 af 21 í íslensku, 19 í stærðfræði og ensku af skráðum nemendum skólans í 10. bekk þessi ár.

Árið 2014 tóku engir af þeim 11 nemendum sem eru í 4. bekk samræmd könnunarpróf hvorki í íslensku né stærðfræði. Af nemendum í 7. bekk tók um þriðjungur prófin og allir nemendur 10. bekkjar tóku próf í íslensku og ensku, en 2/3 tók próf í stærðfræði.

Waldorfskólinn Lækjarbotnum tekur ekki þátt í PISA rannsókn.

Starfstími

Samkvæmt skóladagatali var skólaþing 21. ágúst 2014. Skóladagar eru 180. Skólafélag er samkvæmt lotuskipulagi frá 26. ágúst til 5. júní og skólaslit eru 6. Júní 2015 .

Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sér faglega ráðgjöf og sérfræðiþjónustu, m.a. varðandi greiningar, til Menntasviðs Kópavogsbæjar.

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Við Waldorfskólann er beitt flatrí stjórnun og áhersla lögð á að jafnræði ríki milli starfsmanna. Starfsmannaráð, sem allir fastráðnir starfsmenn sitja í, deilir innbyrðis ábyrgðarsviðum sem fylgja skólastjórahlutverkinu samkvæmt lögum um grunnskóla. Í bæklingi skólans um starfslýsingar kemur fram hvernig ábyrgðin dreifist á ráð og nefndir skólans og jafnframt er gerð grein fyrir þætti skólastjóra í verkefnum. Allar ákvarðanir eru teknar sameiginlega og starfsmenn eru samábyrgir fyrir því starfi sem fram fer. Kennarar í rýnihópi segja lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum og að framkvæmd stefnunnar sé rædd á fundum.

Skýr stefna er um velferð nemenda og áhersla á ábyrgð starfsmanna að hlúa að einstaka barni eins og það er orðað í starfslýsingum.

Gefin eru út vönduð fréttabréf með upplýsingum um skólastarfið og viðfangsefni og verkefni nemenda.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á samábyrgð allra starfsmanna og að jafnræði ríki milli þeirra.
- Skýr stefna er um velferð nemenda og ábyrgð starfsmanna að hlúa að hverju barni.
- Gefin eru út vönduð fréttabréf með upplýsingum um skólastarfið, viðfangsefni og verkefni nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Birta stefnu skólans á heimasíðu.

Stjórnun stofnunar

Lýsing á stjórnskipulagi liggur fyrir í starfsáætlun ásamt skipuriti sem endurspeglar skipulagið. Starfsmannaráð ber meginábyrgð á skólastarfinu og er vettvangur fyrir ákvarðanir sem varða rekstur skólans og innra starf. Starfsmönnum er skipað í nefndir sem fjalla um einstaka þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á jafnræði, samábyrgð og virkni allra starfsmanna.

Skráning á menntun og sérhæfingu starfsmanna er í starfsáætlun skólans. Aðeins skólastjóri er menntaður sem grunnskólakennari en aðrir starfsmenn hafa flestir bakgrunn í Waldorf-kennslufræðum og/eða uppeldismenntun eða hafa reynslu af uppeldis- og umönnunarstörfum.

Kennarar fá litla endurgjöf á kennslu sína en fram kom í rýnihópi kennara að rætt hefur verið um að koma á jafningjamati þannig að kennarar fylgist með kennslu hver hjá öðrum. Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála liggja ekki fyrir og ekki hafa verið settar reglur um upplýsingagjöf um nemendur.

Styrkleikar

- Lýsing á stjórnskipulagi og skipurit eru í starfsáætlun.
- Starfsmannaráð ber meginábyrgð á skólastarfinu.
- Skráning á menntun og sérhæfingu starfsmanna er í starfsáætlun skólans.

Tækifæri til umbóta

- Koma á reglulegu mati á námi og kennslu og endurgjöf til kennara með jafningjamati.
- Gera verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála.
- Setja reglur um upplýsingagjöf um nemendur.

Faglegt samstarf

Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt, starfsmenn ræða saman um áherslur og taka sameiginlegar ákvarðanir. Í starfsmannaráði sitja allir fastráðnir starfsmenn skólans, óháð stöðu. Ekki kemur fram að nemendur eða foreldrar séu aðilar að ákvarðanatöku, nema í skólaráði. Þverfaglegir fundir hafa í vetur verið haldnir tvisvar á önn fyrir hverja bekkjardeild. Tilgangur þeirra er skv. upplýsingum í skólanámskrá að stilla saman strengi þeirra kennara sem að bekknum koma og skapa heild milli bóklegra, verklegra og listrænna greina.

Sjónum er markvisst beint að stöðu einstakra nemenda. Kennari gerir svokallaða barnaathugun og kynnir á sameiginlegum fundi starfsmanna. Í stefnu skólans kemur fram að sérstaklega sé hlúð að mannlegum samskiptum með virðingu fyrir einstaklingnum. Kennarar og foreldrar í rýnihópum segja gagnkvæmt traust og virðingu ríkja í skólasamfélaginu öllu.

Fundanefnd, sem í sitja tveir úr starfsmannahópnum, skipuleggur fundi starfsmanna og ákveður innihald þeirra í samráði við leikskólann YI þar sem starfsmannafundir eru sameiginlegir fyrir skólana. Fastir fundir allra starfsmanna eru einu sinni í viku. Dagskrá er send út fyrir fundi, fundargerðir ritaðar og sendar öllum starfsmönnum.

Náið samstarf er við leikskólann YI sem deilir sama skóla- og leiksvæði og grunnskólinn. Lítið samstarf er við grunnskóla í sveitarfélaginu, en þó hefur tölvustofa eins þeirra verið nýtt til að kenna nemendum Waldorfskólans upplýsingamennt. Samstarf við framhaldsskóla felst í því að nemendur sækja námskynningar skóla á höfuðborgarsvæðinu sem í boði eru og farið er í heimsókn í Menntaskólann í Kópavogi.

Styrkleikar

- Skólastarf einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum, starfsmenn ræða áherslur og taka sameiginlegar ákvarðanir.
- Gagnkvæmt traust og virðing ríkir í skólasamfélaginu öllu.
- Með barnaathugun er áhersla á að allir starfsmenn fylgist með stöðu nemenda.
- Náið samstarf er við leikskólann YI sem deilir sama skóla- og leiksvæði og grunnskólinn.

Tækifæri til umbóta

- Auka þátttöku nemenda og foreldra í umræðum og ákvarðanatöku.
- Efla samstarf við grunnskóla í grenndinni.

Skólaþróun

Áætlun skólans um innra mat á árangri og gæðum nær til þriggja ára og er einn þáttur skólastarfsins metinn á hverju ári. Þar kemur fram að á yfirstandandi skólaári er stjórnskipan skólans metin. Sl. tvö skólaár var námsmat við skólann metið. Gerð er grein fyrir því mati í skólanámskrá og tilgreindar umbætur sem ákveðnar voru. Árangur umbóta var síðan metinn haustið 2012. Gæðamatsnefnd ber ábyrgð á framkvæmd innra mats.

Í símenntunaráætlun skólans er gerð grein fyrir námskeiðum, heimsóknum erlendra gestakennara, opnum fyrirlestrum fyrir kennara og foreldra og innra starfi að endurmenntun. Flestir kennarar sækja námskeið í Waldorffuppeldisfræðum í Osló sem haldin eru árlega meðan aðrir velja námskeið sem tengjast þeirra fagi sérstaklega.

Styrkleikar

- Áætlun skólans um innra mat á árangri og gæðum liggur fyrir.
- Gæðamatsnefnd ber ábyrgð á framkvæmd innra mats.
- Í símenntunaráætlun skólans er gerð grein fyrir fjölbreyttri fræðslu sem tengist stefnu skólans.

Tækifæri til umbóta

- Samræma áætlanir um símenntun, skólaþróun og umbætur.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Í starfsáætlun skólans er m.a. lýsing á stjórnskipan, skóladagatal og upplýsingar um starfsfólk. Umfjöllun er í skólanámskrá um flesta almenna þætti skólastarfs sem aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir. Þó vantar umfjöllun um sérkennslu og stuðning og hvernig skólinn vinnur sem skóli án aðgreiningar. Ítarlega er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og þeirri hugmyndafræði sem hann byggir á. Skólanámskráin er sniðin eftir norskri námskrá fyrir Waldorfskóla og ber þess merki. Námskrár einstakra greina eru í mótun og þær þarf að aðlaga markvissar að aðalnámskrá 2011 en gert hefur verið þannig að samræmi sé á milli hæfniviðmiða aðalnámskrár og viðmiða í námskrá skólans.

Starfsfólk tekur virkan þátt í gerð og endurskoðun starfsáætlunar og skólanámskrár í starfsmannaráði og starfsáætlun er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd.

Starfsáætlun og skólanámskrá liggja fyrir í bókaformi og eru þannig aðgengilegar foreldrum en birtast ekki á heimasíðu skólans. Ekki verður séð að áherslur sveitarfélagsins eins og þær birtast í Skólastefnu Kópavogsbæjar endurspeglar í stefnu skólans nema að litlu leyti, enda skólinn sjálfstætt starfandi.

Styrkleikar

- Starfsfólk tekur virkan þátt í gerð og endurskoðun starfsáætlunar og skólanámskrár í starfsmannaráði og starfsáætlun er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd.
- Umfjöllun er í skólanámskrá um flesta almenna þætti skólastarfs sem aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Aðlaga greinanámskrár að aðalnámskrá grunnskóla.
- Fjalla um skóla án aðgreiningar og tilhögun sérkennslu og stuðnings í skólanámskrá.
- Birta skólanámskrá og starfsáætlun á heimasíðu.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og samfelldur fyrir alla aldurshópa. Kennslutími nemenda í 1.-4. bekk er alls 1250 mín. á viku á árgang eða 50 mínútum meira fyrir hvern árgang en viðmiðunarstundaskrá segir til um (1200 mín. á viku).

Kennslutími nemenda í 5.-8. bekk er 1350 mín. á viku á árgang eða 50 mínútum minna á viku fyrir hvern árgang í 5.-7. bekk (1400 mín. á viku í viðmiðunarstundaskrá).

Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá eiga nemendur í 8.-10. bekk að fá kennslutíma í 1480 mín. á viku á árgang. Þar vantar 130 mínútur upp á í 8. bekk og 145 mínútur í 9.-10. bekk miðað við þær stundaskrár sem liggja fyrir við matið.

Nemendur í 1.-7. bekk hafa þannig fengið þann heildarkennslutíma sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir en nemendur á unglingastigi ekki. Heildarkennslutími nemenda í Waldorfskólanum á tíu ára skólagöngu er 13.050 mínútur á viku en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir alls 13.440 mínútna kennslutíma.

Nemendur í unglingadeild sækja eða er boðið upp á helgarnámskeið í ýmsum greinum sem ekki er sinnt á skólatíma, s.s. efnafræði, en ekki er ljóst hver heildartími námskeiðanna er.

Skóladagur nemenda skiptist í vinnulotur, hvíld og útvíst. Stundataflan er sett upp í samræmi við hugmyndafræði skólans um nám nemenda. Þannig er lengsta lotan að morgni í bóklegum greinum en list- og verkgreinar raðast síðar um daginn. Í vinnulotum að morgni eru verkefni eða námssvið tekin fyrir í samfellu og að hluta er samþætting milli námsgreina.

Nemendum í 7.-10. bekk gefst kostur á einu valfagi vikulega í 70 mínútur. Skólaárinu er skipt í þrjú tímabil og ólík fög í boði. Einnig fær 10. bekkur val sem tengist útskriftarverkefni sem hann velur sjálfur og vinnur að með kennara eða leiðbeinanda. Viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir að val á unglingastigi nemi fimmtungi kennslutímans og töluvert vantar því upp á að nemendur fái það val sem gert er ráð fyrir.

Styrkleikar

- Skóladagur nemenda er heildstæður og samfelldur fyrir alla aldurshópa.
- Skóladagur nemenda skiptist í vinnulotur, hvíld og útvíst og er skipulagður í samræmi við hugmyndafræði skólans um nám.
- Í lotuverkefnum er nám skipulagt í samfellu og að hluta samþætt.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja verður nemendum í unglingadeild kennslutíma í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla.
- Auka þarf val nemenda í unglingadeild og bjóða fjölbreyttar valgreinar.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint skólabrag sem einkennist af hlýju og jákvæðum samskiptum og einnig aðgerðir til að viðhalda góðum skólabrag. Skólareglur eru jákvæðar og viðbrögð við brotum á þeim felast í samtölum við nemendur og foreldra sem miða að því að finna lausnir í sameiningu. Ekki kemur fram hvernig brugðist er við alvarlegum eða ítrekuðum brotum.

Þegar reglur voru mótaðar komu nemendur að þeirri vinnu, en nemendur skólans í rýnihópi nú sögðust ekki hafa tekið þátt í að setja eða endurskoða reglurnar.

Forvarnaráætlun liggur fyrir í skólanámskrá, m.a. áætlun gegn einelti. Þar kemur fram að settar skuli bekkjarreglur, haldnir bekkjarfundir og nemendur eru hvattir til að taka afstöðu gegn einelti.

Áætlun um sérkennslu liggur ekki fyrir né heldur áætlun um skimanir og kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur.

Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur er í skólanámskrá en ekki móttökuáætlanir fyrir nemendur með sérstakar þarfir eða nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Styrkleikar

- Skólasamfélagið hefur skilgreint skólabrag sem einkennist af hlýju og jákvæðum samskiptum.
- Skólareglur eru jákvæðar og viðbrögð við brotum lausnamiðuð.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir hvernig brugðist er við alvarlegum eða ítrekuðum brotum á reglum.
- Móta áætlun um sérkennslu og um skimanir og kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur.
- Gera móttökuáætlanir fyrir nemendur með sérstakar þarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólaráð er skipað fjórum fulltrúum foreldra, tveimur fulltrúum kennara, einum grenndarfulltrúa og einum fulltrúa nemendaráðs. Skólaráð hittist á fundum 6-7 sinnum yfir skólaárið. Dagskrá er send með viku fyrirvara og fundargerðir ritaðar og sendar á starfsmenn, skólaráð og stjórn foreldrafélags. Að sögn er fyrirhugað að setja þær á heimasíðu þegar hún verður tilbúin.

Formaður foreldrafélags situr í skólaráði og þannig er tryggt upplýsingaflæði á milli skólaráðs og foreldra. Einnig fara erindi frá foreldrafélaginu inn á fundi skólaráðs. Foreldrafélagið er virkur samstarfsaðili skólans.

Fulltrúar úr nemendaráði skólans sitja í skólaráði og voru þeir valdir úr hópi nemenda í 10. bekk. Á þessu skólaári hafa nemendur setið fundi skólaráðs en áður sat fulltrúi úr skólaráði fundi nemendaráðs til að tryggja miðlun upplýsinga.

Styrkleikar

- Skólaráð fundar reglulega og er skipað fulltrúum allra hagsmunaaðila skólans.
- Foreldrafélagið er virkur samstarfsaðili skólans.

Tækifæri til umbóta

- Gera fundargerðir skólaráðs aðgengilegar öllum, t.d. með því að birta þær á heimasíðu.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Mikil áhersla er lögð á samstarf heimila og skóla og Waldorfskólinn krefst meiri þátttöku foreldra en almennur grunnskóli, segir í handbók foreldra. Foreldrar taka þátt í þrífum skólans og þeir taka virkan þátt í undirbúningi viðburða í skólastarfinu. Tvisvar á ári eru vinnuhelgar með foreldrum.

Hver bekkur heldur tvo til fjóra kynningar- og umræðufundi fyrir foreldra á skólaárinu. Að sögn foreldris er auðsótt að koma í heimsókn á skólatíma en skólinn býður ekki markvisst upp á slíkar heimsóknir. Foreldrar fá kynningu á starfinu og námi nemenda og fá innsýn í skólastarfið þegar þeir koma í skólann utan kennslutíma. Þeir eiga einnig greiðan aðgang að nefndum sem skipuleggja einstaka þætti skólastarfsins og viðburði.

Foreldrar fá reglulega fréttir af skólastarfinu og gefnir eru út bæklingar með upplýsingum um verkefni og viðfangsefni nemenda. Foreldrar í rýnihópi sögðust fá þær upplýsingar um skólastarfið sem þeir þurfa og geti kallað eftir frekari upplýsingum. Ekki er fullt samræmi milli upplýsinga í starfsáætlun og í foreldrahandbók um samstarf heimila og skóla. Litlar upplýsingar um skólastarfið er að finna á heimasíðu skólans.

Kennarar yngstu barna fara í heimsókn á heimili nemenda. Markmið heimsóknanna er að kynna barninu í sínu umhverfi og njóta samvasta við foreldra og barn á þeim vettvangi, segir í starfsáætlun skólans.

Styrkleikar

- Mikil áhersla er lögð á samstarf heimila og skóla.
- Foreldrar fá reglulega fréttir af skólastarfinu og gefnir eru út bæklingar með upplýsingum um verkefni og viðfangsefni nemenda.
- Foreldrar í rýnihópi segjast fá þær upplýsingar um skólastarfið sem þeir þurfa.

Tækifæri til umbóta

- Gera heimasíðu skólans að upplýsingamiðli um stefnu og starf skólans.
- Samræma upplýsingar um samstarf heimila og skóla í bæklingum skólans.

Svið II - Nám og kennsla

Skólinn starfar eftir Waldorffuppeldisfræði þar sem lagt er upp með að kennsla sé löguð að þroskastigi nemenda. Í skólanámskrá er ítarlega gerð grein fyrir hugmyndafræðinni og þeim kennslufræðilegu áherslum sem lagðar eru til grundvallar. Þar kemur fram að lögð er megináhersla á einstaklinginn og tengsl hans við umhverfi og samfélag. Námskráin byggir á áherslum hugmyndafræði um uppeldi og heimspeki sem lögð er til grundvallar í Waldorfskólum.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Upplýsingar um nám og kennslu og námsvísa eru skýrt settar fram í skólanámskrá. Skólanámskrá er ekki opinber á heimasíðu skólans og foreldrar í rýnihópi sögðust ekki nýta námskrá skólans eða námsvísa en fá áætlanir með lotum sem skýri vel hvað tekið er fyrir. Námskráin sem unnið hefur verið eftir er þýdd úr námskrá norsku Waldorfsamtakanna en starfsmenn skólans eru í faglegu samstarfi við þau samtök. Skólanámskráin er í endurskoðun og verið er að tengja hana við íslenska aðalnámskrá grunnskóla. Í sérstökum kafla í námskránni er fjallað um nám og kennslu nemenda í 1. bekk og síðan er greinabundin umfjöllun um kennsluáherslur í móðurmáli, stærðfræði, trúarbrögðum og lífsskoðunum, raungreinum og náttúruvísindum, landafræði, erlendum tungumálum, félagsvísindum, list- og handiðnum, tónlist, mat og heilsu, líkamsrækt og útiveru, hrynlísi og tölvum og upplýsingatækni. Grunnþáttum menntunar er ekki gerð skil í skólanámskrá.

Ekki er hægt að leggja mat á árangur skólans í samræmdum mælingum þar sem mikill misbrestur er á að nemendur skólans taki samræmd könnunarpróf. Árið 2014 tóku engir af þeim 11 nemendum sem eru í 4. bekk samræmd könnunarpróf, hvorki í íslensku né stærðfræði. Af nemendum í 7. bekk tók um þriðjungur prófin og allir nemendur 10. bekkjar tóku próf í íslensku og ensku, en 2/3 nemendanna tók próf í stærðfræði.

Styrkleikar

- Námsvísar og upplýsingar um nám eru skýrt fram sett.
- Verið er að endurskoða skólanámskrá.

Tækifæri til umbóta

- Birta þarf skólanámskrána opinberlega, t.d. á heimasíðu.
- Námskrá og námsvísar eiga að taka mið af íslenskri aðalnámskrá.

- Ný námskrá þarf að vera tilbúin 2015.
- Gera þarf grein fyrir hvernig unnið er með grunnþætti menntunar í skólastarfi.
- Sjá verður til þess að nemendur skólans taki samræmd könnunarpróf.

Skipulag náms og námsumhverfi

Skólanámskrá sýnir stigvaxandi kröfur um nám í köflum um námsgreinar eða námssvið með skráðum markmiðum í 4., 7. og 10. bekk. Fjallað er um námsmat skólans og vitnisburðarkerfi þar sem fram kemur að við lok hvers skólaárs fái nemendur ársbréf. Í upphafi skólagöngu nemenda er matinu beint til foreldra en með tímanum fá nemendur beinni upplýsingar um frammistöðu sína. Foreldrar segjast fá upplýsingar um gengi nemenda í foreldraviðtölum. Vitnisburðurinn er gefinn í orðum en ekki í ein-kunn. Námsgreinar eru metnar einu sinni á önn og félagsleg staða einnig. Kennara sögðu að próf væru lítið notuð en við lok hvernar lotu fá nemendur eftir 6. bekk endurgjöf á frammistöðu. Ekki er gerð grein fyrir námskröfum og viðmiðum um námsmat í skólanámskrá. Regluleg nemendasamtöl eru ekki en að sögn kennara er í skoðun að taka þau upp, sérstaklega með tilliti til líðan nemenda.

Nemendur í rýnihópi sögðu að þeir fengju oftast að læra eins og þeim finnst best. Val nemenda um viðfangsefni eða námsgreinar var hins vegar ekki áberandi í þeim kennslustundum sem matsmenn sátu eða í stundaskrá nemenda. Skráð val er í stundaskrá hjá 7.-10. bekk en nær ekki að vera fimmtungur námstímans.

Námsgögn í kennslustofum eru frekar fábreytt en margbreytilegt umhverfi skólans og ýmis náms- og kennslurými utanhúss eru markvisst notuð í námi og kennslu. Heimanám er að sögn þátttakenda í rýnihópum kennara og foreldra ekki mikið, helst til að ljúka verkefnum. Nemendur voru ekki sammála um umfang heimanámsins, sumum í rýnihópnum fannst það lítið en öðrum meira en nóg. Ekki er sett fram stefna um heimanám í skólanámskrá.

Í skólanámskrá kemur fram hvaða tengsl eru við önnur skólastig. Samstarf við leikskólann sem er í Lækjarbotnum er mikið og flest grunnskólabarnanna koma úr honum. Nemendur 10. bekkjar fara í kynnisferð í Menntaskólann í Kópavogi en önnur námsframboð framhaldsskóla eru kynnt eftir óskum nemenda.

Styrkleikar

- Námsmat leggur áherslu á að gefa nemendum svörun á fjölbreytta hæfileika.
- Samstarf við leikskólann er gott.
- Umhverfi skólans er fjölbreytt og markvisst notað í námi og kennslu.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf grein fyrir viðmiðum um árangur í námsgreinum í skólanámskránni.
- Auka þarf möguleika nemenda á unglingsstigi á að velja námsgreinar.
- Allir nemendur ættu að hafa eitthvert val í námi.
- Setja mætti fram stefnu um heimanám í skólanámskrá.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Nám og kennsla í skólanum fylgir fastmótuðu verklagi og framsetningu sem Waldorffuppeldisfræðin leggur til. Þar er kennarinn uppspretta þekkingarinnar og leiðir nemendur áfram með frásögn, töflu-teikningum og forskrift. Nemendur hlusta og afrita síðan teikningar og texta. Kennarar unnu eftir þessu verklagi í mörgum tímanna sem metnir voru í vettvangsathugunum. Nemendur eru í tveggja árganga

námshópum og eru yfirleitt að fást við það sama á sama tíma. Á unglingsstigi eru nemendur einnig með námsbækur og þá fer eftir aldri og árangri hvaða bók hver er með. Nemendur vinna að heildstæðum verkefnum í lotum sem standa yfir í nokkrar vikur. Nemendur í rýnihópi töldu lotunámið gott.

Hjá yngri börnum er innlögn kennara allsráðandi og verkefni nemenda er að fara eftir forskrift og afrita það sem kennari setur á töfluna. Hjá eldri nemendum eru svipuð vinnubrögð en þar fór fram meiri samræða við kennarann um efnið. Verkferlar og vinnubrögð eru álíka hjá öllum árgöngum í bóklegri vinnu. Þetta skipulag náms er rótgróið í hugmyndafræði skólans og veitir nemendum öryggi þar sem þeir vita til hvers er ætlast af þeim. Í vettvangsathugunum sást ekki mikið um að nemendur fengju tækifæri til eigin sköpunar, sjálfstæðis við val verkefna eða samvinnu við lausn þeirra.

Nemendur fá margþætta list- og verkgreina kennslu, s.s. textíl, smíði, tálgun, járnsmíði, leirkerasmíði, málun, tónlist og hrynlust. Nemendur fást við ákveðin verkefni í list- og verkgreinum, hver námshópur vinnur með sömu verkefni sem stigþyngjast með aukinni verkunnáttu.

Flestar kennslustundir sem matsmenn mátu voru góðar en í um 20% stundanna töldu matsmenn að bæta þyrfti einhverja mikilvæga þættir. Kennarar voru í hlutverki fræðara í nær öllum þeim stundum sem metnar voru og nemendur unnu einir að verkefnum sínum í nærri 70% af námstímanum. Samvinna var lítið skipulögð í námi nemendanna í kennslustundum en í rýnihópum og vettvangsathugunum kom fram að nemendur eru markvisst þjálfaðir í samvinnu í útiveru.

Upplýsingatækni var nær ekkert notuð við kennslu eða nám nemenda.

Styrkleikar

- Kennarar vinna markvisst eftir hugmyndafræði sem lögð er til grundvallar kennslu.
- Nám nemenda er fastmótað og þeir vita til hvers er ætlast af þeim.
- Nám fer að hluta fram í samþættum og heildstæðum verkefnum.
- Mikil rækt er lögð við list- og verkgreinakennslu.
- Útivera er markvisst nýtt til samveru og samstarfs.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að auka fjölbreytni í kennsluháttum.
- Auka samræður og samstarf nemenda í námi.
- Huga að því að auka möguleika nemenda á sjálfstæði í námi.
- Huga að því að allir nemendur fái krefjandi verkefni við hæfi.
- Huga að því að efla notkun upplýsingatækni við nám og kennslu.

Námshættir og námsvitund

Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt. Þeir þekkja uppbyggingu kennslustunda og vinna vel innan þess ramma sem þeim er settur. Nemendur eru að vinna að sömu verkefnum á sama tíma á sama hátt og oft með úrlausn sem kennarinn hefur sett fram. Kennsluaðferðir eru svipaðar í bóklegum fögum frá yngri bekkjum til eldri. Lítið reyndi á frumkvæði nemenda í námi eða að þeir nýttu mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar. Val nemenda er lítið um viðfangsefni og nemendur segjast ekki gera sér áætlanir um námið. Að sögn kennara setja nemendur fram markmið í tengslum við heildstætt lokaverkefni sem unnið er að í 10. bekk.

Styrkleikar

- Nemendur kunna til verka og flestir vinna vel í tímum.
- Nemendur skipuleggja og setja fram áætlun um lokaverkefni í 10. bekk.

Tækifæri til umbóta

- Auka stigvaxandi ábyrgð nemenda á eigin námi.
- Auka val og kynna fjölbreyttari leiðir til að afla sér þekkingar.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur eru öruggir í framkomu og tjá sig um málefni er snerta þá og segja að á þá sé hlustað og tillit tekið til óska þeirra. Kosið er lýðræðislega í nemendaráð og nemendur í rýnihópi sögðu það vera sinn vettvang til að tala um það sem þeir vilja breyta. Nemendafulltrúi er fullgildur þátttakandi í skólaráði. Ekki er skráð verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað. Nemendur í rýnihópi könnuðust ekki við að hafa tekið þátt í könnunum um skólafarfið eða hafa fengið upplýsingar um kannanir eða innra mat. Morgunhringir, þar sem nemendur sitja saman í hring, eru á hverjum morgni og þar eru ýmis málefni rædd og nemendur fá þjálfun í að tjá skoðanir sínar. Bekkjarfundir eru haldnir í sumum námshópum þar sem unnið er með málefni er nemendur vilja taka fyrir.

Styrkleikar

- Virðing og jákvæðni einkennir samskipti í skólanum.
- Nemendur tjá sig af öryggi um málefni sem snerta þá.
- Fulltrúar nemenda eru lýðræðislega kosnir.

Tækifæri til umbóta

- Sjá til þess að nemendur taki þátt í og fái upplýsingar um kannanir og innra mat.
- Gera bekkjarfundi markvissari og setja fram tilgang og markmið þeirra.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur kom vel fram og taka tillit til annarra. Þeir þekkja markmið í námi að því leyti að þeir vita hvað hver lota á að fjalla um en taka ekki þátt í að setja sér markmið sjálfir. Þeir hafa ekki mikla möguleika á að bera ábyrgð á eigin námi. Í rýnihópum kom fram að nemendur taka ekki þátt í að meta eigin vinnu eða árangur í námi. Hjá kennurum kom fram að sjálfsmat hefur verið notað hjá sumum kennurum í eldri bekkjum og mat á námi fer fram í foreldraviðtölum þar sem nemendur eru einnig.

Styrkleikar

- Nemendur sýna ábyrga hegðun og taka tillit til annarra.

Tækifæri til umbóta

- Gera markmið náms sýnileg.
- Auka þátttöku nemenda í að setja sér markmið í námi.
- Gefa nemendum skipulega tækifæri til að taka þátt í mati á eigin vinnu og þjálfast í sjálfsmati.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Allir nemendur taka virkan þátt í skólastarfi og lögð er áhersla á virðingu fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum í samskiptum. Nám og kennsla eru í fastmótuðum ramma þar sem nemendahópnum er kennt sem heild og lítið sást í vettvangsathugun að hugað væri að einstaklingsbundnum áhuga eða að nemendur innan námshóps fengjust við mismunandi viðfangsefni. Nemendur hafa möguleika á að vera um tíma í hvíld í svokölluðu Veri ef þau eru illa upplögð, einnig geta nemendur farið að hjálpa til í eldhúsi ef þau eru ekki að nýta sér það sem fram fer í kennslustundinni.

Styrkleikar

- Nemendur eru virkir og taka allir þátt í skólastarfinu.
- Sanngirni og virðing einkenna samskipti.
- Nemendur geta leitað í hvíld eða annað ef þeir eru illa upplagðir.

Tækifæri til umbóta

- Huga þarf að mismunandi áhuga og hæfileikum einstakra nemenda.
- Kanna þarf stöðu nemenda til að laga nám að niðurstöðum.

Stuðningur við nám

Sérstakur stuðningur er veittur innan og utan kennslustofu eftir aðstæðum og nemendum hverju sinni. Nám nemenda með sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrá þegar við á. Við skólann starfar ekki fagmenntaður sérkennari en kennararáð ber ábyrgð á stuðningi við nám í skólanum en nokkrir kennarar koma að stuðningskennslu. Einnig er lögð áhersla á ýmis konar einstaklingsmeðferð, s.s. tónlistarmeðferð, hrynlistarmeðferð og tónameðferð, sem ætlaðar eru öllum nemendum skólans. Stefnt er að því að hver nemandi fái að lágmarki sex stunda einstaklingsmeðferð á hverju skólaári.

Fylgst er með framförum nemenda í námi með símati og eftirliti kennara í kennslustundum. Ekkert kemur fram í skólanámskrá um reglubundnar skimanir og kannanir eða hvernig brugðist er við niðurstöðum þeirra.

Styrkleikar

- Nám nemenda með sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám.
- Leitað er fjölbreyttra leiða til að styðja þroska og nám nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að við skólann starfi fagmenntaður sérkennari.
- Gera þyrfti áætlun um skimanir og reglubundnar kannanir og skrá hvernig bregðast eigi við niðurstöðum.

Svið III – Innra mat

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Í skólanámskrá er fjallað um innra mat skólans. Þar kemur m.a. fram að í fyrstu sjálfsmatsáætlun sem gerð var árið 2010 var sjónum beint að sjö þáttum skólastarfs: Kennaranum, bekknum, starfseminni í Lækjarbotnum, starfsmannaráði, foreldrum, yfirvöldum og samfélaginu. Á hverju skólaári er einn þessara þátta tekinn fyrir. Á yfirstandandi skólaári er stjórnskipan skólans metin.

Matið fer fram á starfsmannafundum, lagt er mat á undirbúning og framkvæmd er metin og teknir niður punktar um hvað betur mætti fara og skráð í fundargerð. Eftir hverja lotu er skráð hvernig kennslan gekk og spurt: „Náði ég markmiðum, hvernig fór ég yfir?“.

Á árunum 2011-2013 var námsmat skólans metið, markmið þess skilgreind og gerðar tillögur að úrbótum sem síðan voru metnar og út frá þeim niðurstöðum voru nýjar aðgerðir ákveðnar. Skólinn leggur mat á nám nemenda, árangur og framfarir í lok hvers skólaárs með svokölluðu ársbréfi.

Innra mat er markmiðsbundið

Ákveðnir þættir skólastarfsins eru metnir en ekki út frá skilgreindum markmiðum skólans. Sem dæmi má nefna að markmið námsmats eins og það er sett fram í skólanámskrá er að hvetja nemendur til að læra. Þetta markmið endurspeglast ekki í matsspurningum um námsmat. Viðmið um árangur matsins eru ekki sett fram. Aftur á móti er í kafla um innra mat í skólanámskrá tilgreint að hve miklu leyti umbætur hafa gengið eftir.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum.

Innra mat skólans byggir að miklu leyti á umræðum og ígrundun starfsmanna á eigin starfi. Í lýsingu á hlutverki gæðamatsnefndar, sem í sitja tveir starfsmenn, kemur fram að í framkvæmd matsins felist að leggja matsspurningar fyrir þá aðila sem við á eða safna upplýsingum samkvæmt áætlun.

Ekki verður séð að leitað hafi verið eftir álit foreldra eða nemenda í innra mati eða lagðar fyrir viðhorfakannanir. Ekki kemur fram að skólinn nýti niðurstöður samræmdra prófa, kannana eða skimana í mati á starfinu.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Starfsfólk vinnur saman að því að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati. Gæðamatsnefnd gerir áætlun um innra matið en ákvörðun er tekin í starfsmannaráði þar sem allir fastráðnir starfsmenn eiga sæti. Ekki kemur fram í gögnum eða viðtölum að foreldrar eða nemendur eigi aðild að skipulagi og framkvæmd mats, s.s. í skólaráði. Ekki kemur heldur fram að sjónarmiða hagsmunaaðila sé leitað með skipulegum hætti. Niðurstöður eru kynntar á starfsmannafundi og þar fer einnig fram umræða um þróun og umbætur.

Styrkleikar

- Áætlun um innra mat hefur verið gerð, bæði fyrir skólaárið og til þriggja ára.
- Gæðamatsnefnd ber ábyrgð á framkvæmd innra mats.
- Mat og ígrundun á eigin starfsháttum er fastur þáttur í daglegu starfi.

Tækifæri til umbóta

- Koma á jafningjamati á kennslu og fagmennsku kennara.
- Auka áherslu á mat á námi og framförum nemenda og veita foreldrum reglulega upplýsingar.
- Meta markmið skólanámskrár með markvissum hætti.
- Nota fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun í innra mati.
- Auka þátttöku hagsmunaaðila skólans í innra mati.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Greinargerð um innra mat er birt í kafla í skólanámskrá, þar er gerð grein fyrir aðferðum við matið, niðurstöðum og umbótum. Skólanámskráin er ekki birt á heimasíðu en er aðgengileg foreldrum í riti. Skólaráð fjallar um skólanámskrána en ekki sérstaklega um innra matið.

Innra mat er umbótamiðað

Í kjölfar mats á námsmatsaðferðum skólans voru sett fram markmið námsmats og umbótaáætlun í nokkrum þáttum en ekki kemur fram greining á sterkum og veikum þáttum né heldur hver ber ábyrgð á umbótaverkefnum. Árangur umbóta var metinn í lok umbótatímabils og frekari aðgerðir ákveðnar. Starfsfólk segir innra matið gagnlegt en foreldrar og nemendur eru ekki aðilar að því.

Styrkleikar

- Greinargerð um innra mat og áætlun um umbætur eru birt í skólanámskrá.

Tækifæri til umbóta

- Birta þarf greinargerð um innra mat og umbótaáætlun á heimasíðu.
- Leggja ætti áherslu á að kynna foreldrum og nemendum niðurstöður innra mats.
- Ákveða ætti umbætur í samráði við hagsmunaaðila skólans.

Svið IV – Skólabragur

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt matsins hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Við mat á skólabrag er hér stuðst við viðmiðsdrög sem notuð hafa verið við ytra mat hjá Námsmatsstofnun og einnig við viðmið um skólabrag sem eru í vinnslu hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Þessi viðmið eru nokkuð samhljóma. Fjallað er um stefnu og viðhorf, líðan nemenda, nemendalýðræði, verklagsreglur og áætlanir.

Stefna og viðhorf

Jákvæður skólabragur einkennir starfið í skólanum. Hugmyndafræði skólans felur í sér heildstæða stefnu um jákvæð viðhorf og væntingar með hagsmuni barna að leiðarljósi. Allt starfsfólk leggur áherslu á að skapa traust og góð samskipti milli starfsfólks, nemenda og foreldra. Foreldrar hafa jákvætt viðhorf til skólans og eru virkir í samstarfi. Foreldrar í rýnihópi sögðu stjórnendur og alla starfsmenn leggja sig fram við að skapa góðan skólabrag með ýmsu móti. Hjá starfsfólki kom fram að sérstaklega vel væri staðið að því að efla góðan starfsanda. „Fallega og vel gert“ var sagt um hvernig staðið er að samkomum og uppákomum.

Styrkleikar

- Skólabragur einkennist af samvinnu og samábyrgð allra í skólasamfélaginu.
- Samskipti allra í skólanum einkennast af virðingu og gagnkvæmu trausti.

Líðan nemenda

Skólastarfið einkennist af hugmyndafræði sem leggur áherslu á að efla alhliða þroska nemenda og stuðla að jákvæðri sjálfsmynd. Kennarar ræða markvisst um nám og líðan hvers nemenda í því sem nefnist barnaathugun. Umhverfi skólans hvetur til hreyfingar og uppbyggjandi útiveru. Kannanir á líðan nemenda fara fram með viðtölum en nemendur taka ekki þátt í nafnlausum könnunum um líðan sína og skólastarf. Skráð verklag er til vegna viðbragða sem grípa þarf til ef grunur vaknar um erfiðar aðstæður nemenda. Nemendur í rýnihópi töluðu um jákvæða stemningu í skólanum, það séu skipulagðir vinnuhópar sem hittast utan skólatíma og að starfsmenn leggi sig fram við að skapa góðan skólabrag.

Styrkleikar

- Lögð er áhersla á að öllum nemendum líði vel í skólanum.
- Hver nemandi fær markvissa umfjöllun í starfsmannahópnum.
- Hugmyndafræði skólans byggir á að efla alhliða þroska nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því hvort eigi að gera markvissar kannanir á líðan og viðhorfum nemenda.

Nemendalýðræði

Horft er til styrkleika hvers nemanda og væntingar eru til allra um að þeir leggi sig fram og nái árangri. Nemendafulltrúar í skólaráð eru lýðræðislega kosnir og koma fram sem fulltrúar nemendahópsins og miðla upplýsingum til og frá sínum umboðendum. Nemendur koma ekki markvisst að skipulagi skólastarfs með því að setja sér markmið, velja verkefni eða ræða um námið.

Styrkleikar

- Leitast er við að allir nemendur séu þátttakendur í skólastarfi.
- Nemendur kjósa fulltrúa sína með lýðræðislegri kosningu.

Tækifæri til umbóta

- Efla lýðræðislega aðkomu nemenda að skipulagi náms.
- Auka val nemenda í námi.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólinn hefur mótaðar forvarnaráætlanir gegn einelti og öðru ofbeldi meðal nemenda. Ávallt er starfsmaður til staðar í vistarverum skólans þegar nemendur eru þar, einnig á skólalóð og í skólarútu. Nemendur fá tilsögn og fræðslu um forvarnir og einelti. Tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum er gerð skil í skólanámskrá og er virk að sögn kennara. Skólareglur eru flestum kunnar og sýnilegar í skólastarfi. Nemendur í rýnihópi sögðust þekkja skólareglurnar en könnuðust ekki við að hafa komið að gerð eða endurskoðun þeirra.

Styrkleikar

- Eineltisáætlun er til staðar og er virk.
- Séð er til þess að starfsmaður sé ávallt til staðar þar sem nemendur eru.

Tækifæri til umbóta

- Setja fram skráða verkferla við brotum á skólareglum.
- Huga að reglulegri endurskoðun skólareglna með þátttöku allra í skólasamfélaginu.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum fer fram farsælt skólastarf með fastmótaðri hugmyndafræði um uppeldi og þroska. Flöt stjórnun með samábyrgð allra starfsmanna, áhersla á fjölbreytt handverk og nýting náttúru og umhverfis skólans til náms setja mikinn svip á skólastarfið. Allir aðilar skólasamfélagsins telja að þar ríki traust og gagnkvæm virðing.

Stjórnun

Við Waldorfskólann er beitt flatrí stjórnun og áhersla lögð á að jafnræði ríki milli starfsmanna. Starfsmannaráð, sem allir fastráðnir starfsmenn sitja í, deilir innbyrðis ábyrgðarsviðum skólastjóra og taka sameiginlegar ákvarðanir. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum. Stefna skólans er skýrt fram sett og birt í skólanámskrá og í starfsáætlun skólans sem liggja fyrir í bæklingum en ekki á heimasíðu skólans. Í stefnu skólans kemur fram að sérstaklega sé hlúð að mannlegum samskiptum í skólanum með virðingu fyrir einstaklingnum.

Skólanámskrá er gerð að norskri fyrirmynd og greinanámskrár eru í mótun. Þær þarf að aðlaga að aðalnámskrá grunnskóla þannig að samræmi sé á milli hæfniviðmiða sem þar eru sett fram og viðmiða í námskrá skólans.

Skólastjóri er menntaður sem grunnskólakennari en aðrir starfsmenn hafa flestir bakgrunn í Waldorf-kennslufræðum og/eða uppeldismenntun eða reynslu af uppeldis- og umönnunarstörfum. Kennarar fá litla endurgjöf á kennslu sína.

Skóladagur nemenda er heildstæður og samfelldur fyrir alla aldurshópa. Vikluegur kennslutími nemenda í unglingadeild er undir viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla og valtímar nemenda sömuleiðis.

Mikil áhersla er lögð á samstarf heimila og skóla og foreldrar eru virkir samstarfsaðilar í skólasamfélaginu, þeir taka beinan þátt í viðburðum en einnig þrifum og umsýslu húsnæðis. Skólaráð er virkt og skipað skv. reglugerð það fundar 6-7 sinnum yfir skólaárið.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Birta stefnu skólans á heimasíðu.
- Koma á reglulegu mati og á námi og kennslu og endurgjöf til kennara með jafningjamati.
- Setja reglur um upplýsingagjöf um nemendur.
- Auka þátttöku nemenda og foreldra í umræðum og ákvarðanatöku.
- Efla samstarf við grunnskóla í grenndinni.
- Samræma áætlanir um símenntun, skólaþróun og umbætur.
- Aðlaga greinanámskrár að aðalnámskrá grunnskóla.
- Birta skólanámskrá og starfsáætlun á heimasíðu.
- Tryggja verður nemendum í unglingadeild kennslutíma í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla.
- Auka þarf val nemenda í unglingadeild og bjóða fjölbreyttar valgreinar.
- Fjalla um skóla án aðgreiningar og tilhögun sérkennslu og stuðnings í skólanámskrá.

- Móta áætlun um sérkennslu og um skimanir og kannanir sem lagðar eru fyrir nemendur og móttökuáætlanir fyrir nemendur með sérstakar þarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku.
- Gera heimasíðu skólans að upplýsingamiðli um stefnu og starf skólans.
- Samræma upplýsingar um samstarf heimila og skóla í bæklingum skólans.

Nám og kennsla

Skólinn starfar eftir fastmótaðri hugmyndafræði sem allir starfsmenn skólans þekkja, fylgja og hafa á margan hátt aðlagð að sínum aðstæðum. Margvísleg skrifleg gögn eru til um skólastarfið og hugmyndafræðina sem mótar það. Námsvísar og upplýsingar um nám eru skýrt fram sett. Lögð er áhersla á að gefa nemendum alhliða svörun á nám sitt og fjölbreytta hæfileika. Nám fer að hluta fram í samþættum og heildstæðum verkefnum. Mikil rækt er lögð við list- og verkgreinakennslu. Umhverfi skólans er fjölbreytt og markvisst notað í námi og kennslu og útivera nemenda er nýtt til samveru og samstarfs. Nám nemenda er fastmótað, þeir kunna til verka og flestir vinna vel í tímum. Virðing og jákvæðni einkennir samskipti í skólanum. Nemendur taka virkan þátt í skólastarfi, sýna ábyrga hegðun og taka tillit til annarra. Þeir eru öruggir í skólaumhverfinu og geta tjáð sig um málefni er snerta þá. Nemendur eiga lýðræðislega kjörna fulltrúa þar sem við á.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Námskrá og námsvísar eiga að taka mið af íslenskri aðalnámskrá.
- Gera þarf grein fyrir hvernig unnið er með grunnþætti menntunar í skólastarfi.
- Sjá verður til þess að nemendur skólans taki samræmd könnunarpróf.
- Auka þarf möguleika nemenda á unglingsstigi á að velja námsgreinar. Allir nemendur ættu að hafa eitt hvert val í námi.
- Auka samræður og samstarf nemenda í námi.
- Efla sjálfstæði nemenda og stigvaxandi ábyrgð í námi.
- Huga að því að allir nemendur fái krefjandi verkefni við hæfi.
- Efla notkun upplýsingatækni við nám og kennslu.
- Sjá til þess að nemendur taki þátt í og fái upplýsingar um kannanir og innra mat.
- Gera bekkjarfundi markvissari og setja fram tilgang og markmið þeirra.
- Gera markmið náms sýnileg og þátttöku nemenda í að setja sér markmið í námi.
- Gefa nemendum skipulega tækifæri til að taka þátt í mati á eigin vinnu og þjálfast í sjálfsmati.
- Gera þyrfti áætlun um skimanir og reglubundnar kannanir og skrá hvernig bregðast eigi við niðurstöðum.

Innra mat

Áætlun um innra mat hefur verið gerð, bæði fyrir skólaárið og til þriggja ára. Metnir eru ákveðnir þættir skólustarfsins en matið er ekki á beinan hátt tengt skilgreindum markmiðum skólans. Gæðamatsnefnd ber ábyrgð á framkvæmd innra mats og það byggir að miklu leyti á umræðum og ígrundun starfsmanna á eigin starfi auk þess sem matsspurningar eru lagðar fyrir þá aðila sem við á.

Ekki verður séð að leitað hafi verið eftir álitum foreldra eða nemenda í innra mati eða lagðar fyrir viðhorfakannanir. Ekki kemur heldur fram að skólinn nýti niðurstöður samræmdra prófa, kannana eða skimana í mati á starfinu. Foreldrar eða nemendur koma ekki að skipulagi og framkvæmd mats, s.s. í skólaráði.

Greinargerð um innra mat og áætlun um umbætur er birt í kafla í skólanámskrá. Leggja þarf áherslu á að kynna foreldrum og nemendum niðurstöður innra mats og ákveða umbætur í samráði við þá.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Koma á jafningjamati á kennslu og fagmennsku kennara.
- Auka áherslu á mat á námi og framförum nemenda og veita foreldrum reglulega upplýsingar.
- Meta markmið skólanámskrár með markvissum hætti.
- Nota fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun í innra mati.
- Auka þátttöku hagsmunaaðila skólans í innra mati.
- Birta þarf greinargerð um innra mat og umbótaáætlun á heimasíðu.
- Leggja áherslu á að kynna foreldrum og nemendum niðurstöður innra mats.
- Ákveða umbætur í samráði við hagsmunaaðila skólans.

Skólabragur

Lögð er áhersla á að öllum líði vel í skólanum. Hugmyndafræði skólustarfsins byggir á að efla alhliða þroska nemenda og allra sem við skólann starfa. Skólabragur einkennist af samvinnu og samábyrgð allra sem að skólustarfinu koma. Virðing og traust einkenna allt samstarf og samskipti. Hugað er að námi og líðan hvers nemanda og allir starfsmenn láta sig alla varða. Hugað er að einelti og séð er til þess að starfsmaður sé ávallt til staðar þar sem nemendur eru hvort heldur það er í skólustarfi, við útiveru eða í skólabíl.

Tækifæri til umbóta í skólabrag

- Huga að því hvort eigi að gera markvissar kannanir á líðan og viðhorfum nemenda.
- Efla lýðræðislega aðkomu nemenda að skipulagi náms.
- Auka val nemenda í námi.
- Setja fram skráða verkferla við brotum á skólareglum.
- Huga að reglulegri endurskoðun skólareglna með þátttöku allra í skólasamfélaginu.

Frekari greining fyrir Salaskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati á grunnskólum.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = rautt – mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = gult – fleiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt - fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.


Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbóta- starf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs bundið	Umbóta- miðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennslu- hættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisl. vinnubr.	

Úrvinnsla kennslustunda

Mat á gæðum kennslustunda

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir mat á gæðum kennslustunda⁶ sem metnar voru.




Notkun upplýsingatækni

Nemendur notuðu ekki upplýsingatækni í neinni af þeim 22 kennslustundum sem matsmenn heim-sóttu.

Kennarar nýttu upplýsingatækni til kennslu í einni af þessum stundum.

Kennsluathafnir⁷

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.



Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru-tveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallað er bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir eru oft tengd hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun. Sjá nánar í skýringarkafli um kennsluhætti⁸.


⁶ Sjá: Viðmið um gæði kennslustunda

⁷ Sjá :Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

⁸ Sjá :Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Samvinna og einstaklingsvinna


Mynd 3 sýnir yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.



Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé skipulagt á þann hátt að nemendur vinnu einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.

Hópastærð, nemendur á kennara

Mynd 4 sýnir fjölda nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.



Skráð er hve margir nemendur eru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Y-ás myndarinnar sýnir fjölda nemenda og x-ás hverja metna kennslustund. Stundir við sérkennslu eru ekki teknar með.

Matsblað kennslustundar		Vettvangsathugun í kennslustund
Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl.(upphaf og lok):
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu: J/N
Matspáttur:	Vísbendingar:	
Skipulag í skólastofunni/kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.	
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.	
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.	
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.	
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.	
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?	
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.		
Mat á stundinni: Frábær – Góð – Má bæta - Óviðunandi		

Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

Frábær / mjög góð

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefni mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennsluáferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Viðunandi

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjá flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemendur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks, alls ekki tæmandi listi. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

Flokkun kennsluathafna

Fræðandi


Kennarinn er fyrst og fremst í að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni.

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðrétta heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla - samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsefni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikennsla, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg
- Horft á kvikmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar

Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu. Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleit
- Námsferlið lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaval eða þegar nemendur hanna og skapa frá grunni
- Útikennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur



Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir. (2007). Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8-F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalpsm_skola_97.pdf

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Waldorfskólinn. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.vefsmidjan.is/waldorf/default.aspx>

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

